



SKÝRSLA STJÓRNAR TIL HLUTHAFA ÖLGERÐARINNAR EGILL SKALLAGRÍMSSON HF. UM FRAMKVÆMD STARFSKJARASTEFNU 2023

Lögð fram á aðalfundi félagsins hinn 23. maí 2024

Starfskjarastefna og launaþróun

Á aðalfundi Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. í maí 2023 var þágildandi starfskjarastefna félagsins samþykkt án breytinga. Í starfskjarastefnunni segir að markmið hennar sé að starfskjar hjá félaginu og dótturfélögum þess séu þannig uppbyggð að þau stuðli að því að rekstrar- og árangursmarkmiðum á hverjum tíma verði náð og að hluthafar hafi áhrif á og innsýn í stefnu félagsins um starfskjar forstjóra, annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna. Starfskjarastefnan taki mið af langtímahagsmunum samstæðunnar, eigenda, viðskiptamanna og starfsmanna þess.

Heildarkostnaður félagsins vegna launa og launatengdra gjalda var 4,9 ma. kr. á fjárhagsárinu 2023 sem er 12,3% hækkun milli ára. Mestu munar um fjölgun starfsfólks, eða 3,0% og kjarasamningsbundnar hækkunir sem höfðu 4,7% áhrif milli ára.

Kaupaukar

Samkvæmt starfskjarastefnu félagsins er heimilt að greiða forstjóra og öðrum æðstu stjórnendum félagsins kaupauka á grundvelli sérstakra áætlana þar um sem stjórn félagsins ákveður að fenginni umsögn starfskjaranefndar, í formi árangurstengdra greiðslna, afhendingar hluta í félaginu eða veitingu kaupréttar. Skulu kaupaukar miðast við frammistöðu viðkomandi starfsmanns, afkomu félagsins, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi félagsins, þ. á m. hvort settum markmiðum hefur verið náð. Eru kaupaukar þannig að hluta til tengdir þróun EBITDA félagsins og að hluta til persónulegum árangri viðkomandi starfsmanns m.t.t. fyrir fram skilgreindra markmiða. Kaupaukagreiðslur forstjóra eru ákvarðaðar af stjórn, en kaupaukagreiðslur annarra starfsmanna af forstjóra. Ekki er gert ráð fyrir að kaupaukar verði greiddir stjórnarmönnum.

Heildarfjárhæð veittra kaupauka til forstjóra og annarra æðstu stjórnenda á árinu 2023 var 62 m.kr. (76 m.kr. að meðtöldum launatengdum gjöldum). Nemur fjárhæð veittra kaupauka 1,6% af heildarlaunakostnaði á samstæðugrundvelli.

Kjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjórnar

Eftirfarandi eru laun og hlunnindi forstjóra, aðal- og varamanna í stjórn og framkvæmdastjórnar fyrir árin 2022 og 2023 (fjárhæðir í þús. kr.):

	2023 Laun og hlunnindi	2022 Laun og hlunnindi
Októ Einarsson, stjórnarformaður*	kr. 11.712	kr. 7.510
Hermann Már Þórisson, varaformaður stjórnar og meðlimur endurskoðunarnefndar	kr. 7.120	kr. 5.994

* Laun greidd vegna stjórnarsetu í Danól ehf., dótturfélagi félagsins, innifalin.

Gerður Huld Arinbjarnardóttir, stjórnarmaður og meðlimur endurskoðunarnefndar	kr. 3.907	kr. 0
Magnús Árnason, stjórnarmaður og meðlimur starfskjaranefndar	kr. 3.723	kr. 0
Rannveig Eir Einarsdóttir, stjórnarmaður og meðlimur starfskjaranefndar	kr. 4.762	kr. 4.100
Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fyrrverandi stjórnarmaður	kr. 1.170	kr. 4.445
Jóhannes Hauksson, fyrrverandi stjórnarmaður	kr. 1.110	kr. 4.100
Andri Þór Guðmundsson, forstjóri (frá 2004)	kr. 67.164	kr. 62.912
Aðrir aðilar í framkvæmdastjórn** (2023: 9, 2022: 9)	kr. 295.711	kr. 301.417
Samtals:	kr. 396.379	kr. 390.478

Laun og hlunnindi sem greidd eru til stjórnarmanna innihalda greiðslur vegna setu þeirra í undirnefndum stjórnar. Forstjóri og framkvæmdastjórar fengu kaupakgreiðslur vegna 2023 sem og vegna 2022.

Kaupréttir

Í apríl 2023 gerði Ölgerðin samning við tiltekna lykilstarfsmenn um kauprétt að samtals 59.500.000 hlutum í félaginu, eða sem samsvarar um 2,1% af hlutafé félagsins, í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu félagsins. Þar af var forstjóra og öðrum meðlimum framkvæmdastjórnar veittur kaupréttur að samtals 31.500.000 hlutum, sem skiptast jafnt milli umræddra starfsmanna.

Heildarfjöldi útistandandi kaupréttar sem Ölgerðin hefur veitt starfsfólki sínu nemur nú 136.375.000 hluta, eða um 4,9% hlutafjár í félaginu.

Þess skal getið að í maí 2024 gefst þeim starfsmönnum félagsins sem njóta kaupréttar að hlutum í félaginu á grundvelli kaupréttarsamninga sem gerðir voru árið 2021 kostur á að nýta allt að 40% þess kaupréttar, í samræmi við ákvæði kaupréttarsamninganna.

Launajafnrétti og fjölbreytileiki

Ölgerðin hefur sett sér jafnréttisstefnu, sem felur í sér skuldbindingu félagsins um stöðugar umbætur í jafnréttismálum og fjölbreytileika. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu alls starfsfólks og jöfnum tækifærum óháð kyni, aldri og uppruna, og að koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun, en í stefnunni er m.a. kveðið sérstaklega á um launajafnrétti. Félagið greiðir konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðaskrá jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.

Félagið hlaut jafnlaunavottun síðast árið 2022 og gildir sú vottun í þrjú ár eða til ársins 2025. Í síðustu launagreiðingu (nóvember 2023) mældist óútskýrður launamunur 0,6%.

Þá hefur Ölgerðin hlotið vottun Samtakanna 78 sem hinsegin vænn vinnustaður.

** Einn fyrrverandi aðili í framkvæmdastjórn meðal talna á báðum árum.